

# Framandi tré til varnar gegn loftslagsbreytingum

Eftir Roger Crofts

Ég kom fyrst til Íslands árið 1993 og hef notið þeirrar gæfu að kynnast náttúru landsins vel í á fjórða tug heimsókna. Undanfarið hefur athygli míni beinst í vaxandi mæli að stórfelldri gróðursetningu sitkagrenis og stafafuru og þeim miklu umhverfisbreytingum sem þessar tegundir hafa í för með sér. Hér verður fjallað um ýmsar hliðar slíkrar skógræktar.

Ég hef farið um birkiskóga á Íslandi þar sem fjölbreyttur botngróður myndar samfellda þekju og stuðlar að ríkulegri jarðvegsmyndun. Hvílik upplifun! Eg vona að aukið afl verði sett í endurheimt þessara vistkerfa, stutt af vaxandi þekkingu byggðri á rannsóknunum á eiginleikum íslenska birkisins.

Ég hef einnig skoðað svæði sem ein kennast af hraðvaxandi útbreiðslu innfluttra barrtrjáa, einkum sitkagrenis og stafafuru sem vöktu með mér algerlega andhverfa skoðun. Pað veikur furðu mína að þessar tvær tegundir



Roger Crofts

skuli vera notaðar í slíkum mæli í íslenskri skógrækt. Ég bekki vel til þessara tegunda frá störfum mínum að stefnumótun og stjórn náttúruverndar í Skotlandi um áratuga skeið. Eru þær líklegar til að standa undir framleiðslu á timbri sem mætir þörfum Íslandinga? Ég efa það. Vaxtarhraði þeirra er víða lítt, umhirða skóganna

ófullnægjandi og héttar hliðargreinar hafa í för með sér kvisti sem koma niður á gæðum timbursins.

Koma þessar erlendu tegundir að gagni í baráttunni gegn loftslagsbreytingum með því að binda kolefni sem geymist í viðnum og í jörðu? Þær geta vissulega gert það, en aðeins ef trúna fá að standa nógum lengi og margt getur haft áhrif á niðurstöðuna, b.m.t. hvort röskun hafi orðið á yfirborði landsins við gróðursetninguna. Vísindarannsóknir í Skotlandi benda til þess að þær séu ekki eins öflugar í að binda kolefni og innlendu tegundirnar.

Bæta þessar stórvöxnun tegundir

» **Bæta þessar stórvöxnun tegundir landslag? Vissulega ekki, það verður einsleitara og skógarnir virka framandi og skyggja oft á landslagið.**

landslag? Vissulega ekki, það verður einsleitara og skógarnir virka framandi og skyggja oft á landslagið. Slík skógrækt er andhverfa þeirrar aðferðafræði vistheimtar sem beitt er t.a.m. í Hekluskóginum þar sem tegundum sem hafa þrifist á Íslandi í aldanna rás og vistkerfunum sem fylgja þeim er gefið tækifæri til að endurnýja sig.

Hafa viðhorf landsmanna eða ferðamanna sem sækja Ísland heim verið tekin inn í myndina? Svo virðist ekki vera, þrátt fyrir að landslag teljist til verðmætra lífsgeðða sem varða báða þessa hópa og reyndar komandi kynslóðir. Hafa langtímaáhrifin verið tekin með í reikninginn? Ég skoðaði gott dæmi um þróun barrskógar við

rætur Steinafjalls í Suðursveit í sumar, stafafuru sem breiðist þar út með veldisvaxandi hraða út frá lítilli skógræktargirðingu. Var slík sjálfsáning fyrirséð?

Hvers vegna er þessi staða komin upp? Er hún til komin vegna gamaldags, óhagjanlegra viðhorfa skógræktarfólks með takmarkaðan skilning á vistfræði skóganna? Er þar mögulega að finna skýringuna á svo viðtækri einræktun tegundu sem hæfa hvorki landslagi né vistkerfum landsins? Gott og vel, en það afsakar hins vegar ekki þessa allsherjarbreytingu á jarðvegi, vistkerfum og landslagi Íslands.

Pað er hægt að draga lærðom af ráðgjöf og reynslu annarra. Í Skotlandi hafa t.d. mörg mistök verið gerð, og eru enn að eiga sér stað. Í áratugi hefur gróðursetning framandi tegunda í kolefnisríkan jarðveg, samfara framræslu, leitt til mikillar rýrnunar á kolefni. Við plægingu og aðra röskun landsins leitar koldfoxíð úr jarðveginum út í andrúmsloftið, sem vinnur svo sannarlega gegn bindimarkmiðum. Petta rask getur einnig valdið margvislegum örðrum umhverfisáhrifum sem ná langt út fyrir svæðin þar sem unnið hefur ver-

ið að þessari tegund skógræktar. Fróðlegt væri fyrir íslensk skógræktarfólk að kynna sér hörmulegar afleiðingar ríkisstyrktrar gróðursetningar sitkagrenis og stafafuru í framræstar og frjósamar mýrar í The flow country sem eru viðáttumikil mýrasvæði í Caithness and Sutherland í Norður-Skotlandi.

Hvað Ísland varðar, þá er niðurstaða míni sú að takmarka þarf eða banna gróðursetningu sitkagrenis og stafafuru þar til óháð hlutlægt mat á kostum og göllum þessara tegundu til skógræktar liggu fyrir. Slikur úttektarlisti þarf að innifela áhrifavalda um raunverulega kolefnisbindingu, áhrif skógarins á landslag, jarðveg og vistkerfi og kosti þess að nota frekar innlendar tegundir og endurheimta raskað votlendi.

Pað sem þarf er framsýn hugsun, stefnumótun og framkvæmdaáætlun þar sem innlendu tegundirnar og vinna með náttúrunni verða í aðalhlutverki við að takast á við loftslagsbreytingar og vernda líffræðilega fjölbreytni.

Höfundur býr í Skotlandi og er sjálfstæður ráðgjafi í umhverfisvernd. [roger.dodin@btinternet.com](mailto:roger.dodin@btinternet.com)